

**Nd.**

## **61. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 44 10. nóv. 1913, um forðagæzlu.

Frá landbúnaðarnefnd.

### **1. gr.**

Á eftir 7. gr. laganna komi ný grein, er verði 8. gr. og orðist svo:

Ráðherra er heimilt, hvenær sem hann telur þess þörf, að krefjast skýrslu frá forðagæzlumönnum um það, hverjar horfur séu á fóðuröflun eða fóðurbirgðum í umdæmi þeirra.

Að lokinni hausteftirlitsferð forðagæzlumanna, og ekki síðar en 20. október ár hvert, ber forðagæzlumönnum að senda Búnaðarfélagi Íslands yfirlit yfir fóðurbirgðir, ásamt rökstuddu álitinu um það, hvort þörf muni á fóðurauka, og ef þeir telja það, þá hve miklum.

Skylt er forðagæzlumönnum á hverju vori að senda Hagstofu Íslands afrit af skoðanaskýrslum sínum og skepnufjölda á fóðrum, er hún vinnur úr og birtir með öðrum landbúnaðarskýrslum.

### **2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## **Greinargerð.**

Hingað til hefir lítið verið gert af hálfu hins opinbera til þess að tryggja fóðurbirgðir í landinu, að öðru leyti en því, sem forðagæzlumönnum, eftirlits- og fóðurbirgðafélögum og hreppsnefndum er ætlað að sjá um í því efni. Eftir töðubrestinn 1931 var þó fyrir atbeina þáverandi landbúnaðarráðherra séð um, að nokkurt sildarmjöl væri til að haustinu óselt. Á síðasta Alþingi var í efri deild samþykkt þingsályktunartillaga, er skoraði á ríkisstjórnina að gera í tæka tíð ráðstafanir til að tryggja það, að nægur fóðurforði sé til í landinu, þegar illa árar, og fara þar eftir tillögum Búnaðarfélags Íslands. Samkvæmt þessu sneri ríkisstjórnin sér til Búnaðarfélags Íslands, en það taldi sig bresta heimild til að safna þeim gögnum, sem dómur gæti byggzt á um það, hve mikið fóðurmagn þyrfti að vera fyrir hendi. Félagið óskaði því eftir breytingu á forðagæzlulögum, er tryggði það, að nægilegar upplýsingar um fóðurbirgðir í landinu gætu fengizt.

Nú stendur þannig á, að heyskapur hefir í sumar á stórum svæðum af landinu gengið verr sökum óþurrka en áður um langan aldur. Er því brýn þörf að gera sérstakar ráðstafanir til tryggingar gegn fóðurskortu, og hefir þegar verið safnað pöntunum um fóðurbæti af óþurrkasvæðunum, og það tryggt, að hann væri til í landinu. Með þessu er þó varla fengin nægileg víska um ástandið, og fæst hún fyrst, er forðagæzlumenn hafa farið sína fyrstu skoðunarferð. Er því áriðandi að leggja nú þegar fyrir forðagæzlumenn að gefa skýrslur um ástandið og gera tillögur um, hverra frekari ráðstafana sé þörf. Með tilliti til þessa þarf

að hraða afgreiðslu málsins, og þar sem gera má ráð fyrir, að oftari geti komið fyrir, að gera þurfi opinberar ráðstafanir til varnar gegn fódurskortum, þykir rétt að lögfesta slíka skýrslusöfnun til frambúðar.

Þá þykir einnig rétt að gefa ríkisstjórninni heimild til að krefja forðagæzlumenn um skýrslur og tillögur aðra tíma ársins, þegar slík þörf er fyrir höndum.

Frumvarp þetta er flutt að tilhlutun landbúnaðarráðherra, og hefir nefndin breytt því lítils háttar og samið greinargerðina.